Ef starfsmaður fær fyrir mistök aðgang að máli, sem hann á ekki að hafa aðgang að og málið er merkt **Trúnaðarmál**, hefur starfsmaðurinn ekki heimild til að skoða málið en honum ber að tilkynna það strax til UT-þjónustufulltrúa /gæðastjóra að hann sjái málið. Alltaf er hægt að rekja í aðgerðasögu máls hverjir hafa skoðað málgögnin.

Ef enginn öryggishópur er valinn verður málið opið öllum notendum skjalakerfisins.

Til þess að læsa máli gerir maður eftirfarandi:


1. Vinstri smellir á málið í málaskrá => Velur til hægri Manage access

Mynd 15.




2. Velja undir þeim hópum sem á að breyta aðgangsstýringu á „Stop Sharing“.

Mynd 16.



- Til að veita aðgang þá er hægt að velja „Grant Access“ og slá inn hóp eða einstakling og hvaða réttindi hann hefur.

Mynd 17.



4.4.16 Önnur atriði

Þegar farið hefur verið yfir ofangreind atriði við skráningu máls og skráningin staðfest með **Vista og loka** er málið tilbúið og sést nú sem nýjasta málið í sjónarhorninu Málaskrá.

Ef mál er skráð á starfsmann og hann telur að málið eigi ekki að vera á hans ábyrgð ber honum að tilkynna það til gæðastjóra svo hægt sé að flytja málið yfir á réttan starfsmann.

4.4.16.1 Málasniðmát

Gæðastjóri fer yfir skráningu, flokkun, aðgang og verklag við vinnslu mála með notendum og í framhaldi af því er hægt að skrá málasniðmát í kerfið. Málasniðmát fela það í sér að búið er að forskrá málið þannig að fyrir fram er búið að skilgreina flest skráningaratriði málsins. Með málasniðmátunum sparast

tími, skráning verður samræmdari og endurheimt betri. Verklag við skráningu mála er skráð í Handbók MA um flokkun og skráningu skjala á rafrænu formi og pappír.

4.4.16.2 Tengingar mála

Mál sem tengjast efnislega, t.d. tvö mál sem verða til vegna Húspings, er hægt að tengja saman með því að skrá í lýsingu máls málsnúmer tengds máls í kerfinu. Það er hentugt og til hagræðis fyrir þá sem vinna með málin og getur auðveldað endurheimt.


Óæskilegt er að tengja mál við stök skjöl annarra mála. Ef tiltekið skjal á við tvö mál er æskilegra að:

- skrá frumrit á annað málið en taka af því afrit og skrá það sem afrit inn á mál númer tvö eða,
- skrá frumritið inn á mál númer eitt en skrá óformlegt minnisblað inn á mál númer tvö. Á minnisblaðinu er vísað í skjalið og málsnúmer þess og tilgreind skýring á tengslum skjalsins við málið.


4.4.16.3 Búa til skjöl innan máls

Hægt er að nota tvær leiðir til að búa til skjöl innan máls. Hægt er að smella á „New“ hnapp fyrir ofan skjalalista í máli og velja þar skjalategundina eða smella á „FILES“ í borðanum efst til vinstri, velja „New Document“ og velja þar rétta skjalategund. Sjá Mynd 18 og Mynd 19.

Mynd 18.




Mynd 19.



4.4.16.4 Búa til beiðnir og aðgerðir innan máls


Til að búa til beiðni er beiðnalistinn neðst á síðunni skoðaður, ef flipinn verkefni er ekki blár þá þarf að smella á hann, blár þýðir að hann er valinn. Loks er smeltt á „New“ til að búa til nýja beiðni.

Mynd 20.




Þá opnast form og er hægt að fylla ýmsar upplýsingar inn í það hvað beiðnina varðar. Eini dálkurinn sem er skilyrtur er nafnið á beiðninni, allt annað er valkvæmt að fylla út.

Mynd 21.




Hægt er að breyta beiðni með því að smella á mynd fremst í dálki í beiðnalistanum, sjá mynd 22. Þá opnast form sem lýtur nákvæmlega eins út og formið sem kemur upp þegar ný beiðni er búin til. Þar er svo hægt að breyta upplýsingum sem eru fyrir og vista breytingar. Til að skoða beiðni er hægt að smella á nafnið á beiðninni í listanum, þá opnast form sem leyfir þér að skoða beiðnina, inni í því formi er þó hægt að smella á „Edit Item“ og er maður þá strax komin inn í breyta beiðni formið.

Mynd 22.




Til að búa til nýja færslu í málaaðgerðaskrá er smellt á „Athugasemdir“ flipann og verður hann þá blár. Líkt og með beiðni listann er smellt á „New“ og ef fleiri en ein tegund af aðgerð er til er sú valin sem á við.

Mynd 23.



Þegar smelt er t.d. á „Minnispunktur“ opnast form. Formið er eins fyrir allar tegundir aðgerða. Skylda er að fylla út Titil (Title). Dags skrán er útfyllt sjálfkrafa sem dagurinn í dag, en er hægt að breyta með því að smella t.d. á dagatalið. Staða færslu er alltaf sjálfgefið Ný en er hægt að breyta í Virk og Lokið.


Mynd 24.



4.4.16.5 Beiðnir

Næsta mynd sýnir listann Mála beiðnir. Þar er hægt að sjá yfirlit yfir allar beiðnir fyrir öll mál. **Ekki skal búa til beiðnir þarna inni, það eru einungis gert inni í máli.** Ef beiðni er lokið þá er búið að merkja beiðnina sérstaklega og strika yfir í beiðnalista eins og sést á myndinni. Til eru nokkrar sýnir sem fylgja Mála beiðni listanum en þær sem eru líklegar til að vera oftast notaðar er Dagatal sem sýnir beiðnir í formi dagatals og Mínar beiðnir sem sýnir allar beiðnir sem tilheyra innskráðum notanda. Þegar listinn er opnaður birtist sýnin Allar beiðnir.


Mynd 25.



4.4.16.6 Dagbókarfærslur

Listinn Dagbókarfærslur sýnir yfirlit yfir alla minnisþykka sem eru til í öllum málum. **Minnisþykka eru ekki búnir til beint inn í þennan lista, þeir eru einungis búnir til inni í máli.** Þrjár sýnir fylgja listanum, Allar færslur (All Items) sem sýnir allar aðgerðir í listanum og er sú sýn sem birtist þegar listinn er opnaður, Eftir stöðu (By Status) sem birtir aðgerðir eftir stöðu þeirra þ.e. nýjar, kláraðar eða opnar, Eftir tegund (By Type) sem birtir aðgerðir eftir hvernig efnistegundar þær eru t.d. Símtal (Phone Call Activity) og Minnisatriði (Memo Activity).

Mynd 26.



4.5 Mál í vinnslu

Þegar mál hefur verið skráð er það komið í ábyrgð starfsmanns sem skráður er fyrir því. Á meðan mál er í vinnslu er það á ábyrgð þess starfsmanns sem skráður er fyrir því að skrá á málið þau skjöl sem myndast við úrlausn verkefnisins og nauðsynlegt er að varðveita. Það geta verið bréf, minnisblöð, tölvupóstsamskipti, skýrslur, útsend bréf o.s.frv. Efni símtala, funda og viðtala sem geta skipt miklu við úrvinnslu mála skal starfsmaður skrá í skjalakerfi.⁵ Það er ekki form skjals sem ræður því hvort það er varðveitt heldur efnisinnihald skjalsins.

Ef mögulegt er eru skjöl mynduð í skjalakerfi, það sparar tíma en hentar ekki við vinnslu allra mála. Mikilvægt er að gæta að því að varðveita endanlegar og réttar útgáfur skjala.

Skjöl sem berast til gæðastjóra og tilheyra málafni eru skráð samdægurs inn á mál.

4.6 Skjöl skráð

Öll skjöl sem skráð eru í skjalakerfið skal tengja við ákveðið mál/málsnúmer. Óheimilt er því að tengja stakt skjal við málsaðila eða tengilið.

Hægt er að flytja skjöl inn í kerfið sem eru undir 15 GB. Ef þörf er á að flytja stærri skjöl inn í kerfið þarf að hafa samband við rekstraraðila kerfisins og fá heimild til að flytja inn stærra skjal.

⁵ Upplýsingalög 140/2012, 27. gr.

Mynd 27.

Málaskrá · Málaskráning - prufa

Málaskráning - prufa

Aðrir tengdir aðilar: - Menntaskólinn á Akureyri - xxxxxxxxxxxx /Efing í að skrá nýtt mál

Ábyrgðaraðili: Sigrún Aðalgeirsdóttir í vinnslu

Staða: CM-0006 SharePoint

Endar: Afgreiðslumál / Erindi /Fyrirspurnir

Málanúmer: Málakerfi 1.1.3 Skjalastjórn

Efnissorð: Djóðskjalasafn - xxxxxxxxxxxx

Eðli Afgreiðslu: Dvert á svið

Forgangur: Geymslustaður

Málalykill: View All Properties

Máli lokið: Edit Properties

Málsaðili: Svíð

I bið I vinnslu Loktó

Find a file

Málanúmer	Name	Staða	Ábyrgðaraðili	Endar	Málsaðili
CM-0006	verkefnalisti-hvað vantar				Djóðskjalasafn - xxxxxxxxxxxx
CM-0006	bref_v_malakerfa				Djóðskjalasafn - xxxxxxxxxxxx
CM-0006	Document				Djóðskjalasafn - xxxxxxxxxxxx
CM-0006	Document1				Djóðskjalasafn - xxxxxxxxxxxx

Drag files here to upload

EDIT	Title	Content Type	Dags skráin	Staða færslu
	Að skrá mál		12.6.2020	Ný
	Spurningar vegna málaskráningar		12.6.2020	Ný

4.6.1 Snið skjala

Skjöl eru vistuð í skjalakerfið á eftirfarandi formum:

Skjalaskráargerðir: csv, doc, docm, docx, dotx, eml, msg, odp, ods, odt, pdf, pot, potm, potx, pps, ppsx, ppt, pptm, pptx, rtf, vsd, vsdx, xls, xlsb, xlsx, xlsm, xlsx.

Myndskráargerðir: ai, arw, bmp, cr2, eps, erf, gif, ico, icon, jpeg, jpg, mrw, nef, orf, pict, png, psd, tif, tiff.

Myndbandsskráargerðir: 3gp, m4v, mov, mp4, wmv.

Einnig:

- Stofnupplýsingar máls,
- Skjöl máls,
- Tölvupóstar,
- Minnismiðar,
- Samskiptaskráning,
- Skjalaskráning og
- **Mp3 skrár** (leyfilegt snið í kerfinu en með takmörkunum því mp3 sniðið þarf að vera rétt. Ef upp koma villuboð við flutning mp3 skrár inn í kerfið þarf að breyta skránni á rétt mp3 snið).

Öll skjöl sem eru innan máls munu fara í vörsluútgáfu.

Notendur fá villuboð ef þeir reyna að flytja inn skrá sem er ekki á viðurkenndu sniði.

Skjal sem er á sniði sem ekki er heimilt að varðveita í kerfinu og ekki er hægt að skanna inn skal skrá inn á mál með skjalaskráningu og í skráningunni þarf að koma fram af hverju skjalið er ekki varðveitt í kerfinu og hvar skjalið er varðveitt þ.e. geymslustaður/staðsetning. Þetta getur átt við um gögn sem tilheyra máli en eru svo umfangsmikil að ekki er mögulegt að skanna þau inn t.d. útgefið efni á pappír.

Rafræn skjöl, sem ekki eru á sniði sem hægt er að varðveita í kerfinu, skulu varðveitt á SharePoint undir:

1 Skrifstofuhald, Eignaumsýsla og Upplýsingamál\1.1 Skrifstofumál\1.1.3 Skjalastjórn\1.1.3.1 Skjöl á sniði sem ekki er hægt að varðveita í skjalakerfinu. Í möppu merktri með málsnúmeri.

Gæðastjóri er ábyrgur fyrir því að færa rétt skráarsnið inn í Málakerfi Menntaskólans á Akureyri og að færa gögn inn á vörsludrif. Gæðastjóri og UT-þjónustufulltrúi hafa heimild til að flytja gögn inn á þetta drif. Málum er aðgangsstýrt þar með sama hætti og í skjalakerfi.

4.6.2 Skönnunarferli

Skjöl sem berast á pappír eru skönnuð inn á mál í skjalakerfinu. Allir starfsmenn hafa heimild til að flytja skönnuð skjöl inn í kerfið en skólaritari ber ábyrgð á að taka á móti og skrá innkominn póst, sjá kafla 4.3 Móttaka bréfpósts og erinda og kafla 4.6.3 Innkomin erindi.

Skrá skal að lágmarki þau atriði sem skylda er að skrá um skjalið, kerfið leyfir ekki innflutning skjalsins nema skylduatriðin séu skilgreind.

Í þeim tilfellum þegar ekki er hægt að skanna inn öll pappírsskjöl tiltekinnar sendingar skal skrá þann hluta sem ekki er skannaður með skjalaskráningu og í skráningunni þarf að koma fram af hverju skjalið er ekki varðveitt í kerfinu og hvar skjalið er varðveitt þ.e. geymslustaður/staðsetning.

Áður en skjöl á pappír eru send úr húsi er tekið af þeim afrit með því að skanna þau í lit og varðveita á máli í skjalakerfinu. Allir starfsmenn sem hafa aðgang að skjalavistunarkerfinu hafa heimild til að flytja inn afrit af útförnum skjölum, skrá þarf skylduatriðin að minnsta kosti til að kerfið samþykki aðgerðina.

Snið skannaðra skjala skal vera tiff eða pdf.

4.6.3 Innkomin erindi

Innkomin erindi á pappír sem tilheyra málafni eru stimpluð. Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar:

- nafn stofnunarinnar,
- dagsetning móttöku,
- málsnúmer,
- málalykill og
- skammstöfun ábyrgðaraðila.

Innkomin erindi á pappír eru skráð og skönnuð samdægurs hjá skólaritara. Þegar skjal hefur verið skannað inn á mál fá allir starfsmenn málsins tilkynningu frá kerfinu um innkomið skjal.

Eftir skönnun og skráningu skjals eru frumrit á pappír ekki afhent starfsmönnum heldur er gengið frá þeim í málafnamöppu sem geymd er á skrifstofu skólans.

Skjölum á pappír, sem tilheyra málafni og berast til starfsfólks án þess að hafa verið stimpluð og skráð í skjalakerfi, ber að skila til skólaritara til skráningar.

Innkomin erindi ásamt fylgiskjölum skal skanna inn á mál í einu lagi.

Pappírsskjöl eru varðveitt í pappírsskjalasafni og raðað í arkir eftir málalykli, innan málalykla er raðað í málsnúmeraröð. Pappírsskjöl skal skilgreina í skjalakerfinu sem „Staðsetning: „Málakerfi og pappír“ og geymslustaður málsins sem skjalið er á verður því skilgreindur sem „Geymslustaður: Málakerfi og pappír“.

4.6.4 Útsend erindi

Ábyrgðaraðili/úrvinnsluaðili máls sér til þess að útsend bréf séu undirrituð í samræmi við venjur um undirritun bréfa.

Meginreglan er að skjöl má ekki senda út úr húsi nema af þeim sé tekið afrit. Afritið þarf að vera nákvæmlega af þeim skjölum sem send eru út úr húsi t.d. undirritað bréf ásamt fylgigögnum.

Starfsfólk er ábyrgt fyrir því að varðveitt séu afrit af útsendum gögnum. Það getur skannað gögnin inn á málið sitt og sett síðan útsenda erindið hjá öðrum gögnum málsins, eða komið útsenda erindinu til skólaritara sem skannar það inn á rétt mál og setur frumritið í póst.

4.6.5 Tölvupóstur

Tölvupósta, og fylgiskjöl þeirra sem varða mál með efnislegum hætti, skal skrá og varðveita í skjalasafni. Heimilt er að eyða tölvupóstum og fylgiskjöllum þeirra úr tölvupósthólfum þegar þeir hafa verið skráðir og vistaðir í skjalasafni. Heimilt er að eyða öðrum tölvupóstum og fylgiskjöllum þeirra. Skólameistari skal tryggja við starfslok starfsmanns að allir tölvupóstar og fylgiskjöl þeirra í tölvupósthólfi sem starfsmaður hafði til umráða á starfstíma sínum hafi verið skráðir, varðveittir eða þeim eytt.⁶

4.6.6 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir sem berast í tölvupóstum og með símtölum, sem ekki tilheyra ákveðnum afgreiðslum, er hægt að skrá eftir atvikum á mál eða safnmál til þess að hægt sé að halda saman upplýsingum um umfang fyrirspurna á tilteknu sviði. Það er auðvitað háð mati hvað á að skrá af fyrirspurnum og óformlegum erindum, en taka skal mið af verkefnum og hlutverki hvers sviðs hvort rétt sé að skrá samskiptin. Með þannig skráningu er hægt að tryggja upplýsingaflæði milli samstarfsfólks, safna tölfræði og jafnvel skapa samræmi um hvernig fyrirspurnum er svarað.

4.6.7 Fundargerðir

Fundargerðir tilheyra málafafni. Hægt er að skrá fundargerðir ráða og nefnda á safnmál fyrir eitt ár í senn. Einnig er hægt að skrá fundargerðir á eitt mál eða fyrir ákveðið tímabil t.d. skipunartímabil nefndar. Fundargerðir sem verða til vegna afgreiðslu máls á að varðveita á viðkomandi máli.

Rétt er að hafa eftirfarandi í huga við ritun fundargerða og varðveislu skjala vegna funda:

Í fundargerð er mikilvægt er að vísa í málsnúmer þegar verið er að taka ákvörðun um afgreiðslu tiltekins máls.

Góð regla er að varðveita fundarboð, ásamt fylgiskjöllum á máli fundargerða.

Þegar starfsmaður situr fundi sem fulltrúi Menntaskólans í starfshópum skipuðum af öðrum aðilum en Menntaskólanum skal starfsmaðurinn varðveita fundargerðir, fundarboð ásamt málskjöllum og önnur skjöl sem teljast málgögn. Vinnugögn nefnda eða starfshópa sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegri ákvörðun og fastmótuðu hlutverki, sem fara á milli skipulagsheilda teljast ekki vera málgögn, samkvæmt 2. tölulið 8. gr. Upplýsingalaga nr. 140/2012.⁷

⁶ Reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum afhendingarskyldra aðila (nr. 331/2020).

⁷ Upplýsingalög 140/2012.

4.6.8 Ljósmyndir

Ljósmyndir sem tilheyra máli í skjalakerfinu á að varðveita á málinu. Ef mikið magn mynda fylgir máli er réttara að vísa á myndir í myndasafni. Ljósmyndir sem eru teknar til að varðveita sögu skólans og tilheyra ekki ákveðnu máli teljast ekki til málafafns.

4.6.9 Útgefið efni

Tveimur varðveislueintökum af eigin útgáfu stofnunarinnar á að skila á skjalasafn til skráningar. Eintökin eru skráð í skrá á safnmál. Gæðastjóri er ábyrgur fyrir þessari skráningu. Eintökin eru til varðveislu og óheimilt er að lána þau út eða taka þau til afnota. Með skráningunni á málið verður til skrá yfir útgefið efni. Ef til er sérstakt mál fyrir útgáfuverkefnið skal vísa í það málsnúmer í skráningunni. Útgefið efni getur verið prentuð bók, rafræn útgáfa eða munir. Önnur eintök af útgáfu fara eftir atvikum á lager eða bókasafn. Rafrænt lokaeintak af útgefnu efni má varðveita á máli ef snið skjalsins er heimilt í skjalakerfinu. Gengið er frá útgefnu prentefni í skjalaöskjur og því raðað í málsnúmeraröð í skjalageymslu. Útgefið efni og munir eru því hluti af málafafni en ekki sérstakur skjalaflokkur en er raðað fyrir utan málafafn. Staðsetning efnisins verður ***Málakerfi og varðveislueintök**.

4.7 Skráningaratriði skjala í skjalakerfi

4.7.1 Hvað er hægt að skrá

Í kafla 4.4 kemur fram hvaða skráningaratriði er hægt að skrá hverju sinni og hvaða atriði eru skylda.

4.7.2 Hvað er skylda að skrá

Stjörnumerktu atriðin eru skylduatriði. Atriði merkt með tveimur stjörnum býr skjalakerfið til sjálfkrafa. Önnur atriði eru valfrjáls en mælt er með sem ítarlegastri skráningu því góð skráning auðveldar endurheimt. Þessi skráningaratriði eru á ábyrgð þeirra sem færa skjöl inn í kerfið. Gæðastjóri fer ekki yfir skráningaratriði skjala þegar gengið er frá máli í stöðuna **Fært í skjalasafn**.

4.7.3 Hvernig á að skrá

4.7.3.1 Málsnúmer**

Málsnúmer erfist úr máli. Öll skjöl verða að tilheyra ákveðnu máli og þar með málsnúmeri.

4.7.3.2 Efni skjals*

Mynd 28.



Save X Cancel

Málakerfi > Málaskrá > Málaskránin... > svarbref_v_malakerfa.docx

Content Type

Tölvupóstur

Name *

svarbref_v_malakerfa

Title

Svarbréf vegna málakerfa

Dags skjals

10.3.2020

08:51

Dagsetning stofnunar skjals


Efnissorö

Name/Efnislína/heiti skjals þarf að vera lýsandi fyrir efni skjalsins og jafnvel framvindu málsins. Góð regla er að byrja línuna á formi skjalsins og lýsa síðan efnisinnihaldinu. Æskilegt er að **efnislínur sambærilegra erinda séu skráðar með sambærilegum hætti**.

Dæmi: Umsókn um frjálsa mætingu, Úrvinnsla vals, Svarbréf vegna ..., Skýrsla um ...

4.7.3.3 Flokkun

Mynd 29.




Innsent skjal er aðsent erindi.

Innra skjal er skjal af innra drifi.

Útsent skjal er afrit af útsendu erindi.

4.7.3.4 Content type

Mynd 30.




Content Type segir til um gerð skjalsins.

Hafa skal í huga að í Málakerfi Menntaskólans á Akureyri þarf almennur notandi að skrá **eigindi fyrir** „Almennt skjal“, „Glærुकyning“ og „Töflurit“ en með viðbótinni **harmon.ie** ættu **eigindi fyrir** „Tölvupóstur“ að fyllast að mestu út sjálfkrafa.

4.7.3.5 Dagsetning skjals

Mynd 31.



The screenshot shows a web interface for document management. At the top, there are navigation buttons: 'Save', 'Cancel', and 'Edit form'. Below this, the breadcrumb path is 'Málakerfi > Málaskrá > Málaskránin... > Prufa.docx'. The form contains several fields: 'Content Type' with the value 'Almennt skjal', 'Name' with the value 'Prufa', and 'Title' with the value 'Prufa í að skrá'. Below these fields is a 'Dags skjals' section with a date picker set to '2.4.2019'. The date picker shows a calendar for 'apríl 2019' with the date '2' selected. Below the calendar, there is a text input field with the placeholder 'Enter value here' and a note 'Hver/hverjir fá þetta skeyti'.

Dagsetning skjals er sú dagsetning sem birt er á skjalinu sem verið er að skrá. Skjalakerfið birtir sjálfkrafa dagsetningu þess dags þegar skjalið er skráð, en dagsetningunni er hægt að breyta til samræmis við dagsetningu skjalsins.

4.7.3.6 Móttökudagsetning skjals

Mynd 32.

Málakerfi > Málaskrá > Málaskránin... > **Gátlisti fyrir**

Content Type
Almennt skjal

Name *
Gátlisti fyrir tilkynningar á skjalakerfi.docx

Title
Gátlisti fyrir tilkynningar á rafrænu skjalakerfi

Dags skjals
12.6.2020 12:47

Efnissorð
Enter value here

Til
thorbjorg@ma.is

Frá
sigrun@ma.is

Geymsluform skjals
Að fullu eða að hluta stafrænt

Móttekið
12.06.2020

Málalykill
1.1.3 Skjalastjórn

Í reitinn móttökudagsetning er skráð hvernær skjalið barst.

4.7.3.7 Created**

Created tilgreinir hvenær skjalið var búið til inn í skjalakerfinu (hvort sem því var hlaðið niður í kerfið eða búið þar til). Created myndar kerfið sjálft og því er ekki hægt að breyta.

4.7.3.8 Til/Frá

Mynd 33.

Málakerfi > Málaskrá > Málaskránin... > **Gátlisti fyrir tilkynningar á skjalakerfi.docx**

Content Type
Almennt skjal

Name *
Gátlisti fyrir tilkynningar á skjalakerfi.docx

Title
Gátlisti fyrir tilkynningar á rafrænu skjalakerfi

Dags skjals
12.6.2020 12:47

Efnissorö
Enter value here

Til
thorbjorg@ma.is

Frá
sigrun@ma.is

Geymsluform skjals
Að fullu eða að hluta stafrænt


Móttækio
12.06.2020

Málalykill
1.1.3 Skjalastjórn

Hægt er að tilgreina hver sendir skjal og hver tók við skjalinu ef á við.

4.7.3.9 Málalykill**

Mynd 34.



Málakerfi > Málaskrá > Málaskránin... > **Prufa.docx**

Content Type
Almennt skjal

Name *
Prufa.docx

Title
Enter value here

Dags skjals
2.4.2019 10:04

Efnissorö
Enter value here

Til
Enter value here

Frá
Enter value here

Geymsluform skjals
Að fullu eða að hluta stafrænt

Móttekiö
Enter value here

Málalykill
1.1.3 Skjalastjórn

Geymslustaður

Málakerfi

Málalykill erfist úr máli og málalykill skjals á alltaf að vera sá sami og málalykill málsins sem skjalið tilheyrir því óheimilt er að skrá skjal í kerfið nema það tilheyrir ákveðnu máli.

4.7.3.10 Geymsluform skjals


Er dálkur sem tilgreinir hvort skjal er stafrænt, á pappír eða að hluta á pappír fyrir vörsluútgáfu. Er sjálfvalið sem „Að fullu eða að hluta stafrænt“ og notendur geta breytt ef á við. T.d. ef skjal er bara til á pappírformi eða hvorugt eigi við.

4.7.3.11 Áður afhent í vörsluútgáfu

Er dálkur sem er ekki aðgengilegur almennum notanda (er falinn) og er notaður til að tilgreina hvort skjal hefur verið afhent í fyrri vörsluútgáfu.

4.7.3.12 Öryggi

Mynd 35.




Ef aðgangi að máli er stýrt erfist öryggið niður á skjöl þess máls.

Hægt er að stilla aðgang að einstökum skjölum máls en **það er ekki mælt með því**. Frekari upplýsingar má sjá í kaflanum Aðgangsstýringar.

4.7.3.13 Efnisorð

Mynd 36.



Dags skjals
12.6.2020 11:35

Efnissorð
Enter value here

Viðhengi
Enter value here

Kerfið býður upp á möguleika á að skrá leitarorð við skjöl. Það er sjaldan talin þörf á því en lögð er áhersla á vandaða efnisskráningu máls með lýsandi heiti, málalykli og leitarorðum.

4.7.3.14 Möppur fyrir skjöl

Hægt er að skipuleggja skjöl máls í undirmöppum á máli.

4.7.3.15 Samskipti

Þegar við á er hægt að skrá niður samskipti á mál til að varðveita upplýsingar um efni t.d. símtala eða heimsóknna. Í 27. gr. upplýsingalaga kemur fram:

27. gr. Skráning upplýsinga um málsatvik og meðferð mála.

Við meðferð mála **þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna** ber stjórnvöldum, og öðrum sem lög þessi taka til, að skrá upplýsingar um málsatvik sem veittar eru munnlega eða viðkomandi fær vitneskju um með öðrum hætti ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls og er ekki að finna í öðrum gögnum þess. Sama á við um helstu ákvarðanir um meðferð máls og helstu forsendur ákvarðana, enda komi þær ekki fram í öðrum gögnum málsins.

[Stjórnvöld skulu að öðru leyti gæta þess að haldið sé til haga mikilvægum upplýsingum, m.a. um samskipti við almenning og önnur stjórnvöld, svo sem með skráningu fundargerða eða minnisblaða.] ¹⁾ Hið sama á við um lögáðila skv. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. að því leyti sem lög þessi taka til starfa þeirra.⁸

⁸ Upplýsingalög 140/2012, 27. gr.

4.8 Vinnugögn

Í þessari handbók er fjallað um skjalaflokkinn málasafn.

Þegar fjallað er um vinnugögn í handbókinni er átt við vinnugögn sem verða til við **afgreiðslu mála**.

Fjallað er um vinnugögn í 8. gr upplýsingalaga.

8. gr. Vinnugögn.

Vinnugögn teljast þau gögn sem stjórnvöld eða lögaðilar skv. 2. og 3. gr. hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls. Nú eru gögn afhent öðrum og teljast þau þá ekki lengur til vinnugagna nema þau hafi einvörðungu verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu.

Til vinnugagna teljast einnig eftirtalin gögn, enda fullnægi þau að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.:

1. gögn sem berast milli stjórnvalda þegar eitt stjórnvald sinnir ritarastörfum eða sambærilegum störfum fyrir annað,
2. gögn sem unnin eru af nefndum eða starfshópum sem stjórnvöld hafa sett á fót með formlegri ákvörðun og fastmótuðu hlutverki,
3. gögn sem send eru milli aðila skv. 2. tölul. og annarra stjórnvalda þegar starfsmenn þeirra eiga þar sæti.

Þrátt fyrir 5. tölul. 6. gr. ber að afhenda vinnugögn ef:

1. þar kemur fram endanleg ákvörðun um afgreiðslu máls,
2. þar koma fram upplýsingar sem stjórnvaldi er skylt að skrá skv. 1. mgr. 27. gr.,
3. þar koma fram upplýsingar um atvik máls sem ekki koma annars staðar fram,
4. þar kemur fram lýsing á vinnureglum eða stjórnsýsluframkvæmd á viðkomandi sviði.⁹

Vinnuskjöl sem rituð eru til eigin afnota, svo og skjöl sem fara á milli deilda, skrifstofa eða að öðru leyti á milli starfsmanna hjá sama stjórnvaldi **á ekki að skrá inn á mál**.

Nema þau hafi að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Ef vinnugögn hafa orðið til við afgreiðslu máls, og starfsmaður telur ástæðu til að varðveita gögnin, skal gera minnisblað á málið þar sem fram kemur hvar vinnugögnin eru varðveitt. Vinnugögn á pappír skal

⁹ Upplýsingalög 140/2012, 8.gr.

merkja með málsnúmeri og málalykli og varðveita í málsnúmeraröð í möppu merktri „Vinnugögn – nafn starfsmanns“.

4.9 Máli lokið – Gátlisti

Þegar máli lýkur fer ábyrgðarmaður vel yfir það og skjöl þess og færir síðan stöðu málsins í **Lokið**.

Áður en starfsmaður færir málið í stöðuna **Lokið** er ætlast til þess að hann fari yfir málið eftir neðangreindum gátlista:

- Eru öll skjöl sem tilheyra málinu komin inn á málið?
- Fylgja málinu skjöl á pappír sem skila þarf til skrifstofustjóra?
- Eru skráningaratriði skjala málsins rétt?
- Er ástæða til að lagfæra efnislínur skjalanna á málinu?
- Er ástæða til að vísa í vinnuskjöl?
- Er ástæða til að útbúa minnisblað til að skýra eitthvað nánar?
- Er málsaðili réttur?
- Eru aukamálsaðilar tengdir?
- Þarf að hreinsa út Reminder tilkynningar og óþarfa skjöl af málinu?

Ábyrgðaraðili getur eytt skjölum sem hann hefur myndað en hann getur ekki eytt máli. UT-þjónustufulltrúi/gæðastjóri getur gert mál óvirt ef þurfa þykir.

4.9.1 Ef skjöl máls eru á pappír

Ef skjöl máls eru á pappír þarf að koma þeim til skrifstofustjóra sem gengur frá þeim í málafnamöppu á skrifstofu skólans.

4.10 Mál fært í skjalasafn

Gæðastjóri fylgist með stöðu mála í skjalakerfinu.

Þegar mál hefur fengið stöðuna **Lokið** er gengið endanlega frá málinu í skjalasafni. Við frágang mála sem hafa fengið stöðuna **Lokið** er farið yfir eftirfarandi atriði:

- Er efnislína málsins skýr og lýsandi fyrir efni málsins?
- Er málið flokkað á réttan málalykil?
- Er skráning málsins í samræmi við sambærileg mál?
- Er þörf á að skrá efnisorð?
- Er málsaðili réttur?
- Eru aukamálsaðilar tengdir?
- Eru skráningaratriði málsins rétt?
- Staða málsins er færð í **Fært í skjalasafn**.

Þegar mál hefur fengið stöðuna **Fært í skjalasafn** er ekki hægt að gera neinar breytingar á málinu þ.e. málið er læst fyrir breytingum. Hægt er að enduropana mál.

Ef skjöl málsins eru á pappír gengur skrifstofustjóri frá skjölunum í örð og prentar út forsíðu málsins og leggur hana efst í örkina.

Skjölum hvers máls er raðað í dagsetningarröð í örð, elstu skjölin neðst en nýjustu skjölin efst. Arkir eru merktar með málsnúmeri og málalykli. Málum er síðan raðað eftir málalykli í málafn og innan málalykla í málsnúmeraröð.

4.11 Mál færð í vörsluútgáfu

Með reglulegu millibili færir gæðastjóri þau mál, sem fengið hafa stöðuna **Fært í skjalasafn**, í stöðuna **Tilbúið til vörsluútgáfu**.

Hugbúnaðaraðili sér um að umbreyta skjölum í vörsluútgáfu. Samkvæmt upplýsingum frá hugbúnaðaraðila er verklagið við að flytja gögn í vörsluútgáfu með eftirfarandi hætti:

4.11.1 Myndun vörsluútgáfu

Þau mál sem flytja á í vörsluútgáfu eru merkt í raunumhverfi viðskiptavinar og síðan flutt úr skjalakerfinu.

Gæðastjóri færir mál úr stöðunni **Fært í skjalasafn** yfir í vörsluútgáfu, ef flutningurinn yfir í vörslukerfið gengur upp þá fá málin sérmerkingu sem sýnir hvenær flutningurinn fór fram og að málin séu tilbúin til flutnings til Þjóðskjalasafns. Æskilegt er að gera þetta með reglulegu millibili til að forðast stórar umbreytingarkeyrslur, til að tryggja að umbreytingar séu í lagi og til að fresta ekki umbreytingu fram að skiladegi.

Við flutning mála yfir í vörslukerfið **fer umbreyting fram**, hugbúnaðurinn sér um að umbreyta skjölum yfir á tiff form og eftir flutninginn verður ekki hægt að gera breytingar á málunum, aðeins verður hægt að skoða þau.

Eftir umbreytingu verða gögnin komin í annan vörslugagnagrunn sem mun aðeins halda utan um tilbúin gögn, XML skjöl og aðrar umbreyttar skrár. Þegar kemur að því að senda málin til Þjóðskjalasafns eru gögnin úr þessum vörslu-gagnagrunni flutt í viðeigandi möppur, sbr. Viðauka 2 í „Reglum um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila“ og merkt sérstaklega sem send/afhent.“ https://skjalasafn.is/files/docs/reglur_nr_100_2014.pdf

5 Upplýsingaflæði

Hafa skal í huga við skráningu mála og einnig við móttöku innkominna erinda að markmið okkar er að tryggja upplýsingaflæði.

Þegar við á er sjálfsögð vinnuregla að:

Starfsmaður, sem ekki er skráður sem aðili að máli en ætti að hafa vitneskju um erindið, skal upplýstur um það. Það er hægt að gera með því að senda viðkomandi starfsmanni tengil á málið eða bæta viðkomandi við sem viðtakanda skjals um leið og skjal er skráð.

6 Móttaka nýrra starfsmanna og breytingar á verkferlum

Nýir starfsmenn sem eiga að nota skjalakerfið eiga að fá kynningu á þessum reglum og kennslu á skjalakerfið við upphaf starfs.

Skólameistari upplýsir gæðastjóra um í hvaða aðgangshópum starfsmaðurinn á að vera, á hvaða verkefnum viðkomandi starfsmaður á að vera ábyrgðaraðili, úrlausnaraðili eða tengdur starfsmaður.

Verði verulegar breytingar á verkefnum starfsmanns sem notar skjalakerfið á hann að fá kynningu á því verklagi sem gildir um nýju verkefni.

7 Starfslok og leyfi

Þegar starfsmaður lætur af störfum hjá stofnuninni ber skólameistara að sjá til þess að mál sem eru í vinnslu á ábyrgð starfsmannsins séu færð í ábyrgð annarra starfsmanna.

Ef starfsmaður fer í tímabundið leyfi (annað en sumarleyfi) skal skólameistari gera gæðastjóra grein fyrir hver sinnir verkefnum í fjarveru starfsmannsins.

Starfsmaður sem lætur af störfum skal ganga frá skjölum á skrifstofu sinni í samráði við skólameistara og gæðastjóra.

8 Skil milli skjalavörslutímabila – fyrirkomulag

Skil milli skjalavörslutímabila verða án aðlögunartíma.

Öllum málum í vinnslu verður lokað við tímabilaskilin og ný mál stofnuð fyrir framhald málanna.

Starfsmenn sem eru ábyrgir fyrir málum verða að setja stöðuna **Lokið – Framhaldsmál 31.03.2024** á þau mál sem þörf er á að stofna að nýju þann 01.04.2024. Þannig fæst yfirsýn yfir þau mál.

Almenn mál: Hægt verður að stofna **framhaldsmál** af máli sem var ólokið á gamla tímabilinu og í skráningunni verður hægt að velja nýjan málalykil á málið. Tengill myndast á milli málanna. Skjöl sem þörf er að vinna áfram í á nýja tímabilinu má afrita yfir á nýja málið.

Safnmál sem eru tímabilaskipt: Tímabilaskipt safnmál hjá stofnuninni eru stofnuð sem ný safnmál 1. ágúst þegar nýtt skólaár hefst og þá er eldra máli lokað um leið. Stofnuð verða ný tímabilaskipt safnmál um áramótin 2020-2021. Þeim safnmálum verður lokað við tímabilaskilin 01.08.21 og stofnuð verða ný mál fyrir þau skjöl sem myndast eftir skilin.

Hægt verður að stofna **framhaldsmál** með sama hætti og fyrir almenn mál, sjaldnast er þörf á að afrita skjöl af þannig **safnmáli** yfir á nýja málið á nýja skjalavörslutímabilinu en það er heimilt.

Safnmál sem ná yfir mörg skjalavörslutímabil: Fá mál hjá stofnuninni eru í vinnslu lengur en eitt skjalavörslutímabil. En fyrir þessi mál þarf að stofna ný mál á nýja skjalavörslutímabilinu og afrita öll skjöl málsins/málanna yfir á nýja málið. Skjöl þannig mála verða því hluti af fleiri en einu skjalavörslutímabili/einni vörsluútgáfu.

8.1 Frágangur mála á gamla skjalavörslutímabilinu

Gert er ráð fyrir að mál verði færð úr stöðunni **Lokið** yfir í stöðuna **Fært í skjalasafn** eftir skilin. Gæðastjóri hefur heimild til þess en almennir starfsmenn geta ekki gert breytingar á málum eftir tímabilaskilin.

9 Viðauki 1. Listi yfir kerfi sem skjalavörslukerfið skiptist á gögnum við

- Inna
- Microsoft Outlook
- SharePoint

10 Viðauki 2. Listi yfir þær upplýsingar sem hægt er að skrá um hvert mál

Stjörnumerktu atriðin er skylda að skrá þ.e. ekki er hægt að ljúka skráningu nema þau séu til staðar. Skjalakerfið býr sjálfkrafa til atriði sem merkt eru með tveimur stjörnum.

4.4	Mál skráð	9
4.4.1	Málsaðili*	10
4.4.1.1	Nafn og kennitala málsaðila*	11
4.4.2	Dagsetning máls**	12
4.4.3	Málsnúmer - Auðkenni máls**	12
4.4.4	Name / Efnislína máls / Heiti máls*	13
4.4.5	Staða máls*	15
4.4.6	Forgangur	16
4.4.7	Geymslustaður*	17
4.4.8	Ábyrgðaraðili*	17
4.4.9	Eðli afgreiðslu*	19
4.4.10	Endar	20
4.4.11	Efnisorð	21
4.4.12	Lýsing	22
4.4.13	Málalykill*	23
4.4.14	Svið*	25
4.7	Skráningaratriði skjala í skjalakerfi	38
4.7.1	Hvað er hægt að skrá	38

4.7.2	Hvað er skylda að skrá	38
4.7.3	Hvernig á að skrá	38
4.7.3.1	Málsnúmer**	38
4.7.3.2	Efni skjals*	39
4.7.3.3	Flokkun	40
4.7.3.4	Content type	40
4.7.3.5	Dagsetning skjals	41
4.7.3.6	Móttökudagsetning skjals	42
4.7.3.7	Created**	42
4.7.3.8	Til/Frá	43
4.7.3.9	Málalykill**	44
4.7.3.10	Geymsluform skjals	44
4.7.3.11	Áður afhent í vörsluútgáfu	45
4.7.3.12	Öryggi	45
4.7.3.13	Efnisorð	46